

Mál nr. 199/2007

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélag ið Y v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Snorrabraut í Reykjavík þann 19.7.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 16.10.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Vátryggingafélags Íslands hf., dags. 30.10.2007, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Sjóvá-Almennra trygginga hf., dags. 3.11.2007.

Málsatvik.

A var ekið austur Njálsgötu og beygt til hægri áleiðis suður Snorrabraut á vinstri akrein. Til móts við Bergþórugötu var bifreiðinni B, ekið aftan á A. Lítið tjón er sagt hafa orðið á báðum bifreiðum. Hemlaför eftir B mældust 27,37 m. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð. Hámarkshraði á Snorrabraut er 50 km á klst. Á Njálsgötu hvílir biðskylda gagnvart umferð á Snorrabraut.

Ökumaður A kvaðst hafa hægt á ferð við gatnamótin og enga bifreið séð koma að gatnamótunum. Hann hafi því ekið inn á Snorrabraut og farið beint inn á vinstri akrein þar sem hann hafi ætlað að snúa við á gatnamótum Snorrabrautar og Bergþórugötu. Hraði A hafi verið 30 km á klst.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið suður Snorrabraut á 70-80 km hraða á klst. A hafi verið ekið inn á götuna af Njálsgötu og beint inn á vinstri akrein í veg fyrir akstursstefnu hans. Hann hafi reynt að hemla en ekki náð að afstýra árekstri.

Álit.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 70-80 km hraða á klst. Hemlaför eftir B mældust 27,37 m löng. Af gögnum málsins, þ. á m. ljósmyndum, má ráða að áreksturinn hafi orðið nokkurn spöl frá gatnamótum Njálsgötu. Ökumaður B ók langt yfir leyfilegum hámarkshraða og mun hraðar en aðstæður leyfðu. Verður áreksturinn rakinn til þessa ógætilega aksturslags ökumanns B. Eins og málið liggur fyrir verður að telja ósannað að áreksturinn verði að einhverju leyti rakinn til þess að ökumaður A hafi ekki virt biðskyldu gagnvart B. Að öllu athuguðu eru ekki talin efni til að leggja sök á ökumann A. Verður ökumanni B því einum gefin sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 23. nóvember 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.